

## „Mildir og elskulegir prísar“

**Alfreð Flóki opnar sýningu í Bogasalnum á laugardaginn**

„Konan, rökkur og rústir“ er temað í teikningum þeim sem Alfreð Flóki sýnir í Bogasal Þjóðminjasafnsins næstu viku. „Rökkur og rústir hljóta að vera hinn eini rétti bakgrunnur þar sem konan er í fyrirrúmi,“ sagði Flóki í samtali við Vísi. „Ég elska konuna á sama máta og rökkrið og rústirnar.“ A sýningunni er 31 mynd og

eru þær flestar nýjar. Flóki sagðist aðallega hafa unnið hér heima síðan hann hélt síðustu sýningu sína í Bogasalnum 1975, en þó hefði hann dvalið stuttan tíma í Kaupmannahöfn, París og London.

„Þetta eru imynduð andlit. Þegar ég þarf á brjóstum eða mjöðmum að halda, eða skugga á öxl, næli ég mér í




„Ég læt ekkert frá mér annað en meistarastykki“ segir Alfreð Flóki þegar hann er spurður álits á myndum sínum. Vísismynd LA

módel, en andlitin eru öll frá astralplaninu.“ Og verðið? „Þetta eru allt mildir prísar,

mildir og elskulegir,“ sagði listamaðurinn, en með því á hann við verðlagningu á bilinu 190 til 200 þúsund krónur.

Sýning Flóka verður opnuð á laugardaginn kl. 14 og stendur fram til 4. september kl. 14-22.

## Erró og Eyvindur Mohr að Kjarvalsstöðum



Félagið Myndkyrning efnir til listsýningar að Kjarvalsstöðum um helgina. Þetta er önnur listsýning félagsins og eru þar sýnd verk Færeyingsins Eyvindar Mohr, Errós og nokkurra helstu graffiklistamanna Þjóðverja og Frakka.

Eyvindur Mohr er Íslendingur ekki með öllu ókunnur, því hann átti verk á samsýningu í Norræna húsinu fyrir fjórum árum. Þetta er þó í fyrsta skipti sem hann kemur hingað sjálfur.

Ein serigrafía Errós — Astronauts de Rubens, sem hann vann sérstaklega fyrir þessa sýningu. Vísismyndir LA

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar um listamanninn í sýningarskrá og segir þar m.a.: „Eyvindur Mohr er sjálfærður dugnaðarforkur sem hóf alvarlega listsköpun fyrir rúmum áratug, en hefur síðan numið við Rómarskademiuna, hlotið dvalarstyrk Ingiríðar drottningar og sýnt víða um Norðurlönd, m.a. hér í Norræna húsinu. Hæfileikar hans, seigla og trú á heimalandi sínu ættu að nægja honum til frambúar.“

Myndir Eyvindar á sýningunni eru 19 talsins, flestar málaðar í Færeyjum, en örfáar í Róm, þar sem hann nam hjá Beppe Guzzi. Eyvindur hefur málað síðan hann var barn og hélt fyrstu sersýningu sína 1948 í Færeyjum. Nú hefur hann sjálfur byggt sér galleri í Þórshöfn.

**Gerði myndröð fyrir Myndkyrningu**

Þriðjungur sýningarinnar eru graffikmyndir eftir Erró. Þar á meðal eru 3 nýjar serigrafímyndir sem hann vann sérstaklega í tilefni af þessari sýningu. Þessar myndir verða til sölu í 50-100 ein-tökum og eru þær allar áritaðar og númeraðar af listamanninum.


Erró hefur nú dvalið á erlendri grund í um 20 ár og hefur hann

ekki komið heim sí. 5 ár. Hans er þó von á næsta ári, því þá mun hann halda stóra sýningu á Kjarvalsstöðum í tilefni Listahátíðar. Aðalheimili hans er í París, en auk þess hefur hann mikið dvalið á Spáni.

Eins og áður sagði eru einnig á sýningunni graffikmyndir eftir fræga þýska og franska listamenn, en auk þess er mjög

fróðleg „skákgrafík“ eftir Ítalann Ugo Dossi, þar sem hann rekur á myndrænan hátt ýmsar skákir frægra manna. Má þar nefna sem dæmi skák Spasskys og Fischers í Reykjavík 1972, Marcel Duchampe og Aljekins og Einsteins og Oppenheimers.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn kl. 14 og stendur fram til 5. september.



Eyvindur Mohr ásamt börnum sínum, þeim Turid og Kára

**Helgarblað fylgir Vísi í á morgun**

55

## Helgarbláð

**MEÐ JÓNÍ HELGASÝNI OG ÖÐRUM GRÚSKURUM**

— Sjá viðtöl og myndir á bls. 5-6-7

**BISKUP OG MÁLARI**

— Sjá myndir og myndir á bls. 14-15

**FYRSTA ÓHÁÐA DAGBLAÐIÐ!**

13 ár eru um þessar mundir frá því fyrsta „frjálsa og óháða“ dagblaðið ítt dagsins lós. Dagblaðið Mynd. Á bls. 2-3 er fjallabú um stutta en víðsýndarkeg og Myndir og vænt við Björn Jóhannesson, ritstjóra blaðsins.

**AUGLÝSINGAR OG SKRUMSKÆLINGAR**

— Sjá „Kvikmyndasjón“ Erlends Sveinssonar á bls. 13

**AÐ VINNA SAMAN**

— Sjá „Af Jóh“ eftir Davíð Óðisson á bls. 10-11

**Kjarvalssýningunni lýkur um mánaðamótin:**


## Fjöldi sýningargesta orðinn um 30 þúsund

„Það má búast við að langur tími líði þar til þessar myndir sjást aftur á sýningu,“ sagði Alfreð Guðmundsson framkvæmdastjóri Kjarvalsstaða við Vísi í tilefni þess að nú um mánaðamótin lýkur sýningu þeirri á verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem staðið hefur yfir frá því í mars sí.

Svo til allar myndirnar eru í einkaeign og hafa fæstar þeirra áður verið sýndar opinberlega. Elsta myndin er frá árinu 1917 en sú yngsta frá árinu 1968. Að sögn Alfreðs hafa um 30 þúsund manns skoðað sýninguna í sumar. Útlendingar hafa mikið

komid á sýninguna, en mikill ferðamannastraumur hefur verið

á Kjarvalsstöðum undanfarna mánuði.



**Málverk og bergmyndir**

Hjónin Guðmunda Jóna Jónsdóttir og Gunnar Guðmundsson, Hofi, Þingeyri, opnuðu á mánudaginn sölusýningu á málverkum og bergmyndum í Innróm munnarsal Eddu Borg, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Sýningin verður opin daglega frá kl. 13-22 fram á sunnudag. Til sýnis og sölu verða margar nýjar myndir, sem hjónin hafa unnið á undanförunum mánuðum.